

Borgarfjarðarhreppur  
Hreppsstofa  
720 Borgarfjörður (eystri)

Reykjavík 16. nóvember 2018  
UST201809-069/F.T.  
08.14.02

### Efni: Lok eftirfylgni - Borgarfjarðarhreppur

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 27. september 2018 þar sem rekstraraðila var veitt áminning vegna tveggja frávika frá starfsleyfi sem skráð voru í eftirliti dags. 26. júní sl.


#### Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Skráningar fyrir 2017 skv. gr. 3.1. í starfsleyfi höfðu ekki verið sendar til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal taka saman upplýsingar og senda ársyfirlit fyrir 1. mars ár hvert. **Stofnuninni bárust fullnægjandi upplýsingar þann 24. október sl. og telst frávikinu því lokið.**
- 2. Gr. 4.3 í starfsleyfi.** Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður. Ekki kemur fram að hlið skuli vera læst en þau skulu vera lokið nema þegar starfsemi fer fram. Áður hefur verið gerð athugasemd um þetta atriði þar sem ummerki bentu til þess að aðilar aðrir en starfsmenn sveitarfélagsins fari inn á svæðið og losi óflokkaðan úrgang ofan í urðunarrein. Nauðsynlegt er að takmarka aðgang og þar með koma í veg fyrir ólöglega losun úrgangs. **Skv. rekstraraðila lokar hlið innkeyrslu en er ekki læst. Sveitarfélagið muni gefa út tilmæli til íbúa um aðgangstakmarkanir að urðunarsvæði og árétta viðeigandi aðferðir og umgengi við svæðið. Umhverfisstofnun fellst á framangreindar úrbætur.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið.


Vakin er athygli rekstraraðila á því að bréf þetta verður birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**



Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands